



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í félagsheiminu í Trékyllisvík
í tilefni
opinberrar heimsóknar í Árneshrepp
12. júlí 2024**

Ágæti oddviti og hreppsnefnd,
aðrir Strandamenn og góðir gestir.

Ég þakka þá gestrisni og góðvild sem mér er sýnd hér í Árneshreppi. Ég hef mál mitt einnig á því að færa ykkur öllum hlýjar kveðjur Elizú konu minnar. Hún hafði því miður ekki tæk á því að fylgja mér í þessa opinberu heimsókn; það getur verið í mörg horn að líta á barnmörgu heimili.

Hún verður að láta duga frásagnir mínar af ferðinni hingað og þá verður af nægu að taka. Þið búið á söguríkum slóðum, kæru gestgjafar mínir, og þekkið fortíðina ugglaut betur en ég. Hér erum við í landnámi Eiríks snöru og Önundur Ófeigsson var á næstu grösom, landnámsmaðurinn sem barðist við lið Haraldar hárfagra í Hafursfjarðarorrustu í Noregi og missti þar annan fótinn. Hann lét það þó ekki á sig fá, sigldi til Íslands og settist að á Ströndum, kallaður Önundur tréfótur. „Hann hefir fræknastur verið og fimastur einfættur maður á Íslandi,“ segir í Grettis sögu.

Við getum því allt eins leyft okkur að segja að frá fyrstu tíð hafi Strandamenn látið sér fátt fyrir brjósti brenna, sýnt kjark og þor, eflst við mótlæti. Reyndar er ekki allt satt og rétt í Landnámu og öðrum fornum ritum ef út í það er farið. Við vitum ekki heldur allt um það hver sigldu fyrst inn firði og víkur hér, hver það voru sem litu þessi tignarlegu fjöll fyrst augum. En hitt vitum við fyrir vísit að hér hefur fólk búið í meira en þúsund ár, notið landsins gæða en glímt um leið við óblíð náttúruöfl.

Vissulega var það svo að stundum urðu menn að lúta í gras og stundum var það mannfólkið sjálft sem var hvert öðru verst. Í þessari ferð mun ég ganga um galdrastíg og fræðast um aftökur vegna þeirra hindurvitna sem fengu að geisa. Ég hlakka líka til að kynna mér sögu Baskanna sem veiddu hval hér við land. Þar verður einnig að greina frá ótta og grimmd, að vísu eftir að útlendingarnir höfðu farið ránshendi hér og víðar um Vestfirði.

Já, sagan er magnþrungin hér. Það er nánast eins og náttúran krefjist þess, kalli á það. Aftur á móti hefur manneskjan smám saman náð yfirhöndinni þótt við ættum ætíð að bera virðingu fyrir umhverfi okkar og öllu sem þar kann að leynast. En við höfum sigrast á eigin beyg og jafnframt náð að nýta auðlindir betur en áður. Má þar nefna að fyrir rúmri öld hófst síldarsöltun í Djúpuvík og ég hlakka til að halda í síldarverksmiðjuna þar, stærsta steinsteypa hús á landinu þegar sú bygging var reist á miðjum kreppuárunum. Til þess þurfti djörfung og verksmiðjan malaði gull – eða silfur – þar til síldin hvarf, sá dyntótti fiskur.

Ýmislegt fleira verður skoðað í hreppnum; kirkjurnar tvær, minja- og handverkshús og er þá ekki allt talið. Svo bíða líka fjallganga og sund í Krossneslaug og þakka ég forystusveit Ferðafélags Íslands fyrir allan atbeina í þeim efnum.

Ágætu áheyrendur: Áfram er róið í Árneshreppi og áfram er landið nýtt. Því verður samt ekki neitað að við erum hér í brothættu byggðarlagi, einu fámennasta sveitarfélagi landsins. Um miðja síðustu öld bjuggu yfir 500 manns í þessum hrepp; við upphaf þessa árs voru 53 íbúar skráðir með lögheimili hér.

Blikur eru á lofti. Hvað er til ráða? Ekki hef ég svör á reiðum höndum. Skýrslur hafa verið samdar, aðgerðaáætlunum hrint í framkvæmd og sitt sýnist hverjum. Hitt veit ég fyrir vísit að við myndum missa mikið, við sem búum í þessu landi, ef byggð legðist hér af – og þeir myndu líka fara mikils á mis, allir þeir ferðalangar að utan sem koma hingað og falla jafnvel í stafi á þessum stórbrotna stað. Í því sambandi minnst ég samræðna við góðan vin, Hrafn Jökulsson, sem féll nýlega frá, og Strandamaðurinn Rakel Valgeirsdóttir orðaði þessa upplifun líka vel fyrir nokkrum árum: „Að hafa ósnortin víðerni því sem næst í bakgarðinum er tilfinning sem erfitt er að orða, hana þarf einfaldlega að upplifa. Og upplifunin er svo sterk að gestir okkar sækja í hana aftur og aftur.“

Ferðaþjónusta hlýtur að vera meðal helstu bjargráða í Árneshreppi, ásamt hefðbundnari atvinnuvegum eftir því sem tök eru á. Þá þarf að bæta samgöngur, helst tryggja að börn geti sótt hér skóla og fólk finni að hér sé framtíðin björt.

Öld fram af öld hafa Strandamenn eflt með sér dugnað og dirfsku, enda ekkert annað í boði á þessum slóðum, undir reginfjöllum fyrir opnu hafi. Fáí

fólk tækifæri til að sýna hér hvað í því býr mun sú sambúð halda áfram, okkur öllum til heilla.

Ég ítreka að lokum þakkir mínar fyrir þann vinarhug sem mér hefur þegar verið sýndur hér í Árneshreppi og hlakka til frekari viðburða um helgina. Þegar Vigdís Finnbogadóttir fór í sína fyrstu opinberu heimsókn innanlands lá leiðin í Dalasýslu og Strandasýslu, meðal annars á þennan ægifagra stað. Aðrir forsetar hafa líka haldið hingað og mér þykir vænt um að njóta nú gestrisni ykkar, í minni síðustu opinberu heimsókn á forsetastóli. Kannski má kalla það táknrænan vitnisburð um það að saman ættum við öll að minnast þess að það er meira sem sameinar okkur í þessu landi en það sem skilur okkur að. Gleymum því aldrei og þá mun okkur Íslendingum vel farnast um alla tíð.